

## Fundur nr. 229

Ár 2023, föstudaginn 10. febrúar kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 9:30

Mætt:

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður  
Hildur Björnsdóttir  
Már Másson  
Ragnheiður H. Magnúsdóttir  
Guðmundur Ingbór Guðjónsson  
Helga Harðardóttir  
Páll Brynjarsson (í fjarfundarbúnaði)

Auk þeirra voru á fundinum Inga Rut Hjaltadóttir sviðsstjóri framkvæmdasviðs og Gunnar Tryggvason hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

### 1. Öryggi, heilsa og umhverfi

Mánaðarskýrsla öryggisstjóra lögð fram til kynningar og rædd. Eitt fjarveruslys hefur orðið frá síðasta fundi og eitt skyndihjálparslys.

### 2. Mánaðaryfirlit hafnarstjóra

Lagt fram og kynnt af hafnarstjóra.

### 3. Starfsreglur stjórnar

Stjórnarformaður kynnti drög að breytingum á starfsreglum stjórnar sem miða að því að samræma þær nýsamþykktum sameignarfélagssamningi og eigendastefnu. Stefnt er að afgreiðslu á næsta fundi stjórnar.

### 4. Starfskjaranefnd

Stjórnarformaður kynnti drög að starfsreglum starfskjaranefndar. Stefnt er að afgreiðslu þeirra á næsta fundi stjórnar.

Stjórnarformaður lagði til að Hildur Björnsdóttir og Már Másson yrðu fulltrúar stjórnar í nefndinni og Hildur yrði formaður og var sú tillaga samþykkt samhljóða.

### 5. Forkaupsréttarmál

Hafnarstjóri kynnti að fallið hafi verið frá forkaupsrétti eftirfarandi fasteigna með venjulegum fyrirvara um að afnot lóðar falli að gildandi deiliskipulagi og lóðarleigusamningi.

- a. Erindi Maltviskífélagssins um að fallið sé frá forkaupsrétti vegna sölu á eign að Skútuvogi 1D, Reykjavík. Fasta nr. 202-0917. Kaupandi VF S1D ehf.
- b. Erindi ÁÓ eignarhaldsfélags ehf. um að fallið sé frá forkaupsrétti vegna sölu á eign að Skútuvogi 13, Reykjavík. Fasta nr. 202-0958. Kaupendur

- Ásbjörn Björnsson, Ásta F. Björnsdóttir, Gunnlaugur R. Björnsson, Ólafur B. Björnsson og Guðmundur K. Björnsson.
- c. Erindi Ásbjörns Björnssonar, Ástu F. Björnsdóttur, Gunnlaugs R. Björnssonar, Ólafs B. Björnssonar og Guðmundar K. Björnssonar um að fallið sé frá forkaupsrétti vegna sölu á eign að Skútuvogi 13, Reykjavík. Fasta nr. 202-0958. Kaupandi Gagnaeyðing ehf.

## **6. Ráðstöfun farþegagjalds**

Hafnarstjóri kynnti yfirlit yfir ráðstöfun farþegagjald í gömlu höfninni árin 2018-2022. Stefnt er að kynningu fyrir rekstraraðilum í næstu viku.

## **7. Loftgæðamælingar við Sundahöfn**

Sviðsstjóri innviða og gæða- og umhverfisstjóri kynntu fyrstu niðurstöður mælinga frá loftgæðamælinum í Laugarnesi.

## **8. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 11:45